

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Netfang: postur@umbodsmadur.is
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. 12512/2023

Reykjavík, 28. ágúst 2024

Fjarðabyggð
Hafnargötu 2
730 Fjarðabyggð

Til umboðsmanns Alþingis hafa leitað ívar Ingimarsson og Hrefna Dagbjört Arnardóttir, Norðurtúni 24 Egilsstöðum, með kvörtun vegna úrskurðar dómsmálaráðuneytisins 28. nóvember 2023 í máli nr. DMR2308014. Með úrskurðinum staðfesti ráðuneytið ákvörðun löggreglustjórans á Austurlandi 18. ágúst þess árs um að synja beiðni þeirra um að smala búfé úr landi tilgreindrar jarðar.

Við athugun kvörtunarinnar hjá umboðsmanni kom í ljós að málsmáðferð sveitarfélagsins vegna fyrrgreindrar beiðni ívars og Hrefnu um smölun hefði verið kærð til innviðaráðuneytisins og að ráðuneytið hefði, með úrskurði 18. apríl sl., komist að þeirri niðurstöðu að málsmáðferð sveitarfélagsins hefði ekki verið í samræmi við 1. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ráðuneytið hefði þá beint því til sveitarfélagsins að ljúka málínus eins fljótt og auðið væri. Ljóst er þá af fundargerð bæjarráðs Fjarðabyggðar 22. júlí sl. að ráðuneytið óskaði eftir því, með bréfi 16. júlí sl., að það yrði upplýst um viðbrögð sveitarfélagsins vegna úrskurðar ráðuneytisins í málinu.

Í ljósi framangreinds og áður en umboðsmaður tekur ákvörðun um framhald málssins er þess óskað, með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, að veittar verði upplýsingar um stöðu framangreinds málssins hjá sveitarfélaginu, þ. á m. hvort beiðni ívars og Hrefnu um smölun sem barst sveitarfélaginu sumarið 2023 og sem fyrrgreindur úrskurður innviðaráðuneytisins laut að sé enn til meðferðar hjá sveitarfélaginu. Sé meðferð málssins lokið er þess óskað að upplýst verði hverjar urðu lyktir þess, auk þess sem óskað er eftir afriti af umbeðnu svari sveitarfélagsins til innviðaráðuneytisins, liggi það fyrir.

Þess er óskað að umbeðnar upplýsingar og gögn berist eigi síðar en 11. september nk.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis


Anna Rut Kristjánsdóttir